

Frístundastyrkir barna í Sveitarfélaginu Ölfusi

Reglur og skilyrði

1.gr.

Markmið og tilgangur

Megin markmið frístundastyrks til barna í Sveitarfélaginu Ölfusi er að tryggja að börn og ungmenni á aldrinum 0-18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi og að foreldrum þeirra og forráðamönnum verði gert auðveldara að standa straum af þeim kostnaði sem af þátttökunni hlýst. Frístundastyrkur er framlag sveitarfélagsins til greiðslu kostnaðar styrkþega vegna náms utan hefðbundins skólanáms, þátttöku í hvers konar barna- og unglingastarfi á vegum viðurkenndra félagasamtaka og tómstundastarfs. Frístundastyrkurinn eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta, lista og tómstundastarfsemi.

2.grein

Ákvörðun styrkuppþæðar

Árlega ákveður bæjarstjórn Ölfuss uppþæð og greiðslu frístundastyrkja. Skal fjárveitingin koma fram í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

3.grein

Skilyrði fyrir greiðslu styrks

Að styrkþegi eigi lögheimili í sveitarfélaginu og sé á aldrinum 0-18 ára. Að um skipulagt starf, kennslu eða þjálfun sé að ræða af viðurkenndum aðila sem lagt hefur fram upplýsingar um starfsemi sína til íþrótta- og tómstundafulltrúa en sé að lágmarki um 6 vikna samfleytt starf að ræða. Sem dæmi um slíkt má nefna tónlistarnám, íþróttaæfingar, listnám, leikjanámskeið, skólagarðar, sundnámskeið o.fl. Styrkurinn getur aldrei numið hærri uppþæð en þeirri sem kemur fram á framlögðum greiðslukvittunum.

4.grein

Útborgun styrkja

Allar greiðslur frístundastyrks fara rafrænt í gegnum Norakerfið. Við rafræna skráningu barns í starf hjá íþrótta- og tómstundafélögum, innan eða utan Sveitarfélagsins Ölfuss, geta foreldrar valið að nýta styrkinn og draga hann frá þátttökugjöldum. Í þeim tilvikum þar sem félög eru ekki með rafrænt skráningarkerfi skal skila kvittun til íþrótta- og tómstundafulltrúa svo greiðsla á frístundastyrk geti átt sér stað.